

**Fundargerð 44. fundar skráningarráðs Gegnis miðvikudaginn 11. febrúar 2009**  
haldinn hjá Landskerfi bókasafna, Borgartúni 37, kl. 9-11.

Fundarmenn: Ragna Steinarsdóttir (fundaritari), Þóra Sigurbjörnsdóttir (formaður), Hildur Gunnlaugsdóttir, gæðastjóri Gegnis og Sigrún Hauksdóttir, þróunarstjóri hjá Landskerfi bókasafna. Hulda Ásgrímsdóttir og Jóhanna Diðriksdóttir boðuðu forföll.

**1. Fundargerð 43. fundar**

Sigrún sendir áréttingarpóst á stóra póstlistann vegna eintakafreku tímaritanna þess efnis að átak verði gert í að eyða eintökum sem ekki hafa farið í útlán lengi.

Ártöl á þýðingum. Fundarmenn eru sammála um að ártöl sem stundum fylgja frummálistilum þýðinga í sviði 240 séu óþörf. Þau lengja flettilistana og dreifa efni sem á saman. Ragna skoðar vinnulag við að eyða þeim út og Sigrún athugar hvort hægt sé að taka þau út úr birtingunni þannig að flettilistar falli betur saman.

Nafnmyndahópur tónlistar. Taka þarf ákvörðun um nafnmyndir rússneskra höfunda og tónskálda. Skráningarráð beinir því til nafnmyndahóps tónlistar að athuga hvort æskilegt sé að Grove verði notaður og vísað frá íslenskum umritunarreglum, en þetta þarf að ræða í hópnum. Farveg vantar fyrir leiðréttingar. Beiðnir um gerð tilvísana þarf að senda til Lbs-Hbs. Brýnt er að skrásetjarar séu meðvitaðir um hvert þeir eigi að snúa sér.

Fundargerð var samþykkt.

2. **Endurskoðun myndbandaskjals.** Tillaga kom fram um viðbót við myndbandaskjal skv. ábendingu frá Þorsteini Gunnari á Akureyri, lið 2.1: *Um val á málmynd titils í sviði 245.* “Titill skal vera á frummáli. Við val á frummálistili skal styðjast við titil sem birtist sem aðaltitill hjá IMDb.” Tímabært er að fara yfir myndbandaskjalið í heild.
3. **Hvað á að skrá í Gegni,** einkum af rafrænu efni. Þessa umræðu þarf að taka upp í skrásetjarasamfélaginu. Gæðamat fer ekki fram við skráningu og við hvað á að miða? Við höfum ekki bolmagn til að skrá allt á léninu .is. Rafrænt efni yrði þá mjög fyrirferðamikið í Gegni. Skilyrði er að efnið verði sett á PDF-skjöl og vistað hjá Lbs-Hbs og slóðin vísi þangað. Aleflisfundur gæti verið rétti vettvangurinn fyrir umræðu af þessi tagi. Skráningarráð beinir því til stjórnar Aleflis að þessi umræða verði tekin fyrir á næsta fundi. Hildur ræðir þetta við Andreu.
4. **RDA leshringur.** Skráningarráð þarf að kynna sér nýju skráningarreglurnar með markvissum hætti. Einnig þarf að huga að þýðingum á hugtökum. Hildur setur á fót skráningarleshring sem hittist einu sinni í mánuði og úthlutar ráðinu lesefni. Hugtakanotkun þarf að skilgreina betur, t.d. efni, form, gerð, tegund, útgáfa. Orðanefnd upplýsingar gæti orðið að liði, en skráningarráð þarf að búa efnið í hendur nefndarinnar. Leshringur er boðaður föstudaginn 6. mars kl. 13 í Borgartúni. Hildur sendir lesefni á skráningarráð.

## 5. Önnur mál.

- a) Vinnuhópur um rafrænt efni. Magnhildur Magnúsdóttir verður fulltrúi Lbs-Hbs.
- b) Fjölbjóðlegir höfundar, t.d. Nabokov, Kundera, Hosseini o.fl. Oft er nauðsynlegt að gefa efnisorð fyrir bókmenntir tveggja þjóða, t.d. Bandarískar bókmenntir og Rússneskar bókmenntir. Einstökum söfnum er síðan í sjálfsvald sett hvar þau staðsetja efnið, þ.e. hvaða flokkstala er notuð í eintaksfærslu.
- c) Lítil villa fannst í samþykkt skráningarráðs um skráningu tölvugagna (CF, computer files). Hildur leiðréttir stærðarmál á disklingi og sendir skjalið til Sveinbjargar til birtingar á vef.

Næsti fundur skráningarráðs verður miðvikudaginn 11. mars kl. 9 í Borgartúni 37.